



# *Sjálfsmat Dalvíkurskóla* 2001 – 2002

## *Sjálfsmat snefnd:*

*Anna Baldvina Jóhannesdóttir*

*Áslaug Valg. Þórhallsdóttir*

*Gísli Bjarnason*

*Hörn Harðardóttir*

*Snjólaug Rósmundsdóttir*

## 1. Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum frá 1995 skal hver grunnskóli vera með sjálfsmat á því starfi sem fer fram í skólanum. Hver skóli velur sér aðferðir við sjálfsmat og á 5 ára fresti skal gerð úttekt á sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota og er sú úttekt framkvæmd af Menntamálaráðuneytinu.

Í Dalvíkurskóla starfar sjálfsmatsnefnd. Frá vori 2001 sitja í henni tveir kennarar, skólastjórnendur og fulltrúi annarra starfsmanna : Anna Baldvina Jóhannesdóttir, skólastjóri, Áslaug Valg. Þórhallsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, Gísli Bjarnason, aðstoðarskólastjóri. Hörn Harðardóttir, sérkennari og Snjólaug Rósmundsdóttir, stuðningsfulltrúi.

Markmið og hlutverk nefndarinnar er að bæta skólastarf. Nefndin hefur frumkvæði að gerð matsáætlunar, annast kynningu hennar til allra viðkomandi aðila og fylgir eftir framkvæmd. Hún skiptir verkum á milli kennara, stjórnar skýrsluskrifum og annast kynningu á lokaniðurstöðum. Nefndin gerir sér framkvæmdaráætlun til að vinna eftir og ákveður í samstarfi við starfsfólk skóla hvaða þætti starfseminnar á að meta ár hvert. Í matsskýrslu koma fram niðurstöður matsins, leiðir til úrbóta og áætlun um að koma þeim í framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að kennarar séu virkir þátttakendur í matinu. Allar áætlanir eru lagðar fyrir þá og þeim ætlað að fylgjast með hverju skrefi í matsferlinu og gefa ráð og leiðbeiningar.

## Starfsemi í Dalvíkurskóla

Dalvíkurskóli er heildstæður grunnskóli með 1. – 10. bekk. Í gegnum tíðina hefur skólinn verið safnskóli fyrir 9. og/eða 10. bekk Árskógar skóla og Húsabakkaskóla. Skólaárið 2001 – 2002 eru 265 nemendur í 15 bekkjardeildum og er meðaltal 17,66 nemendur pr. bekkjardeild. Starfsemi skólans fer fram að stórum hluta undir sama þaki, en íþróttakennsla fer fram annars staðar. Húsrými Dalvíkurskóla er um 3043 fermetrar sem er brúttóflötur.

Við Dalvíkurskóla starfa 45 starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli, þar af 27 kennarar og 18 aðrir starfsmenn. Skólastjórn er skipuð skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og þriggja manna kennararáði sem valið er af kennurum. Skólastjórn fundar reglulega einu sinni í viku í

klukkutíma. Nemendaverndarráð er starfandi við skólann og í því sitja: Skólastjóri, fagstjórar í sérkennslu, hjúkrunarfræðingur, starfsmaður félagsþjónustunnar í Dalvíkurbyggð og sálfræðingur. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega að meðaltali.

Rammi Dalvíkurskóla er byggður á grunnskólalögum og Aðalnámskrá grunnskóla. Í samvinnu við heimilin og aðra uppeldis- og fræðsluaðila setur skólinn sér að uppfylla allar þær kröfur sem lög og reglugerðir kveða á um. Á grundvelli þeirra eru markmið skólans sett og þau skilgreind sem yfirmarkmið og síðan markmið í hverri námsgrein.

Í skólanum ríkja margvíslegar hefðir s.s. göngudagur að hausti, íþróttadagur, jólaföndurdagur með þátttöku foreldra, vorhátíð, þemadagar, hreinsunardagur í bæjarfélagsinu að vori, danskennsla, fjölbreytt val í 9. og 10. bekk með þátttöku atvinnulífsins, starfskynning fyrir 10. bekk á Akureyri, skólaheimsóknir og eins að 7. bekkur fari í skólabúðir að Reykjum ásamt fleiru.

Skólinn hefur tekið þátt í þróunarstarfi m.a. A.G.N. –inu frá 1997 til 1999 þar sem unnið var að því að „Gera góðan skóla betri” með áherslu á fjölbreyttari kennsluaðferðir. Í framhaldi af því tók starfsfólk skólans þátt í vinnu við að móta sýn Dalvíkurskóla, og til ráðgjafar fékk skólinn aðstoð frá Háskólanum á Akureyri.

## **Sýn Dalvíkurskóla**

### ***Starfsfólk:***

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að vinna metnaðarfullt starf, þar sem gott samstarf, gagnkvæm virðing og jákvæðni eru höfð að leiðarljósi. Starfsfólk Dalvíkurskóla á að leitast við að kynna sér nýjungar og færa þær inn í starfið.*

### ***Stjórnun:***

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að stjórnendur sýni skýra forystu á jákvæðan og markvissan hátt. Þeir dreifi valdi og ábyrgð og efli forystu og frumkvæði starfsmanna.*

### ***Samstarf:***

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að hafa jákvætt, öflugt og skilvirkt samstarf bæði innan stofnunarinnar og við foreldra, skóla, félög, fyrirtæki, og stofnanir samfélagsins.*

### **Samskipti:**

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að byggja upp samskipti sem einkennast af umburðarlyndi, jákvæðni, gagnkvæmri virðingu og trausti þar sem manngildið er haft í fyrirrúmi.*

### **Nemendur:**

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að byggja upp trausta sjálfsmynd nemenda, jákvætt viðhorf til náms, ábyrgð og metnað til að gera sitt besta í leik og starfi.*

### **Kennsla – innra starf:**

- *Í Dalvíkurskóla er leitast við að skólastarf sé framsækið og skapandi þar sem fjölbreyttum kennsluáðferðum er beitt svo hver einstaklingur fái að njóta sín.*

## **2. Afmörkun**

Eins og fram kemur í foreldrahandbók Dalvíkurskóla leggur skólinn mikla áherslu á að eiga gott samstarf við heimilin um skólagöngu nemenda sinna. Fastir liðir í þessu samstarfi af hálfu skólans eru m.a. fundir fyrir foreldra á haustin þar sem vetrarstarfið er kynnt, viðtöl við foreldra tvisvar til þrisvar yfir veturinn þar sem farið er yfir stöðu hvers barns að forráðamönnum viðstöddum ásamt vorfundum í maí þar sem vetrarstarfið er tekið út. Þá er það stefna skólans að fréttabréf fari heim a.m.k. mánaðarlega frá hverjum bekk þannig að foreldrar geti sem best fylgst með hvað sé á döfinni hverju sinni. Í efri bekkjum skólans eru jafnframt sendar heim upplýsingar um ástundun nemenda a.m.k. mánaðarlega. Skólinn leggur ríka áherslu á að gagnkvæmt samband ríki milli heimila og skóla og að hvor aðili láti vita strax og eitthvað bjáti á, þannig sé hægt að lagfæra hlutina og leysa það sem upp kemur.

Undanfarin ár hafa stjórnendur Dalvíkurskóla hugleitt hvernig best yrði staðið að samstarfi heimila og skóla. Vitað er að börn þeirra foreldra sem hafa áhuga á skólastarfinu og sinni því vel sýni betri árangur og hegðun í skóla en börn þeirra foreldra sem eru neikvæðir gagnvart skólastarfinu. Jafnframt er aukin áhersla lögð á samstarf heimila og skóla í grunnskólalögunum frá 1995 og í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla er sérstakur kafli um tengsl heimila og skóla þar sem segir

m.a. að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla.

Í kjölfar umræðna í starfsmannahóp Dalvíkurskóla tók skólastjórn frumkvæði að því að fram færi mat á skólastarfinu vorið 2002 þar sem markmiðið væri að matið gæti nýst til umbóta í samskiptum heimila og skóla. Slíkt innra mat eða sjálfsmat stofnunar er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Megintilgangur matsins er að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Markmið þessa sjálfsmats væri að bæta samstarf heimila og skóla og efla þau. Á grundvelli þess var ákveðið að leita svara við eftirfarandi matsspurningu : **Hvað einkennir samskipti heimilis og skóla og á hvern hátt má styrkja jákvæð eða virk tengsl til að bæta námsumhverfi nemenda ?**

Matsnefnd skal hafa frumkvæði að gerð matsáætlunar og annast kynningu hennar til allra viðkomandi aðila og jafnframt að fylgja eftir framkvæmd hennar. Þá skal nefndin leggja allar áætlanir fyrir starfsmenn og gera þeim að fylgjast með hverju skrefi í matsferlinu og gefa ráð og leiðbeiningar. Nefndin skal skipta verkum á milli kennara, stjórna skýrsluskrifum og annast kynningu á lokaniðurstöðum.

### 3. Aðferð

Eftir umræður í starfsmannahóp Dalvíkurskóla tók skólastjórn frumkvæði að því að fram færi sjálfsmat vorið 2002. Í framhaldi af því kynntu skólastjórnendur sér Skólarýni Benedikts Sigurðarsonar skólaárið 2001 – 2002. Í kjölfarið ákváðu þeir að fá Trausta Þorsteinsson, forstöðumann skólaþróunarviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri til ráðgjafar við skólann. Tilgangur matsins væri að bæta samstarf heimila og skóla og efla þau. Á grundvelli þess var ákveðið að leita svara við eftirfarandi spurningu : **Hvað einkennir samskipti heimilis og skóla og á hvern hátt má styrkja jákvæð eða virk tengsl til að bæta námsumhverfi nemenda ?** Í matinu yrði lögð áhersla á að leiða fram svör við eftirfarandi undirspurningum :

- a) Hvert er aðgengi foreldra að kennurum barna sinna ?
- b) Hvernig er viðmiðunum aðalnámskrár um samskipti heimila og skóla náð ?
- c) Hvaða hindranir eru á þátttöku foreldra í skólastarfinu og virkum samskiptum foreldra og kennara ?
- d) Hafa foreldraviðtöl tilgang í að stuðla að þátttöku foreldra í námi barna sinna ?

- e) Hvernig hefur áformum skólanámskrár um samskipti heimilis og skóla verið framfylgt ?

Settur var á laggirnar sjálfsmatshópur sem hitti Trausta í febrúar 2002. Þar voru lögð drög að ramma matsferilsins ( sjá fylgiskjöl ) og matsþurning lögð fram á grundvelli matsáætlunar fyrir innra mat í grunnskóla.

Í kjölfarið var kallaður til starfsmannafundur þar sem gert er ráð fyrir að allir starfsmenn yrðu virkir þátttakendur í matinu. Á fundinum fór fram hugflæði starfsmanna varðandi hvað væri gott og hvað mætti betur fara varðandi samstarf heimilis og skóla. Þá voru starfsmenn beðnir um að útbúa spurningar fyrir væntanlega könnun ( sjá fylgiskjöl ). Matsnefnd vann niðurstöður frá þessum fundi og gerði sér áætlun hvernig þessar niðurstöður yrðu notaðar í framhaldinu. Matsnefnd ákvað að útbúa eigin spurningalista fyrir foreldra og starfsmenn. Við gerð spurningalistans var haft til hliðsjónar að meta hvernig samstarf heimila og skóla væri og fá fram viðhorf foreldra og starfsmanna til skólastarfsins. Í samvinnu við Katrínu Fjólu Guðmundsdóttur, kennara við skólann, sem þá var við framhaldsnám við Háskólann á Akureyri, urðu til 2 spurningalistar sem jafnframt voru bornir undir ráðgjafa hópsins ( sjá fylgiskjöl ).

Ákveðið var að leggja spurningakönnun fyrir annars vegar úrtak foreldra barna í 1. – 10. bekk og hins vegar fyrir alla starfsmenn skólans. Tekið var úrtak 100 nemenda og þess gætt að svipað hlutfall nemenda lenti í úrtaki og er á hverju aldurstigi. Skólaárið 2001 - 2002 voru 263 nemendur við skólann : 82 nemendur í 1. – 4. bekk, 83 nemendur í 5. – 7. bekk og 98 nemendur í 8. – 10. bekk. Spurningalisti var sendur foreldrum úrtaksnemenda með pósti. Svörun varð 50 % og í samráði við ráðgjafann Trausta Þorsteinsson var ákveðið að láta það nægja í fyrstu atrennu þar sem niðurstöður þessarar könnunar yrðu notaðar sem vísbendingar fyrir mun viðtækari könnun haustið 2003. Spurningalisti starfsmanna fór til allra starfsmanna skólans sem voru 46 þetta skólaár. Svörun varð 78 %.

Ákvörðun var tekin um að unnið yrði úr niðurstöðum könnunar skólaárið 2002 – 2003 og skýrsla yrði til á vordögum 2003.

### Úrvinnsla

Spurningalistum var safnað saman að vori 2002 en úrvinnsla þeirra hófst á haustdögum sama ár. Úrvinnsla var í höndum ritara skólans og aðstoðarskólalastjóra. Samhliða var unnið að skráningu niðurstaðna og þær settar fram á myndrænan hátt ( sjá fylgiskjöl ). Matsnefnd ákvað að fela Gísla Bjarnasyni og Áslaugu V. Þórhallsdóttur úr nefndinni að vinna niðurstöður úr könnunum og túlka þær. Sett var fram framkvæmdaáætlun

til vors ( sjá fylgiskjöl ) og ákveðin viðmið mörkuð þ.e. ákveðið að 20 % neikvæð svörun væru niðurstöður sem þyrfti að skoða frekar og bregðast við. Áslaug og Gisli settu sér fasta vinnutíma í hverri viku.

Þegar leið að lokavinnslu niðurstaðna og skýrsluskriða ákvað sjálfsmatsnefndin að fá til liðs við sig fagstjóra og kennararáð skólans til að lesa skýrsluna yfir og gera athugasemdir. Allmargar niðurstöður könnunarinnar voru hengdar upp á glervegg á kennarasvæðinu til að kynna fyrir starfsfólki. Að lokum var skýrslan send Trausta Þorsteinssyni til yfirlestrar áður en hún var gefin út í nokkrum eintökum og eins sett inn á heimasíðu Dalvíkurskóla.

#### **4. Umræða og túlkun niðurstaðna**

100 nemendur lentu í úrtaki og svör bárust frá 50 foreldrum, þ.e. 50 % svörun. Fæstir svöruðu af miðstigi en nánast jafnmargir af unglíngastigi og yngsta stigi. Listum var safnað saman að vori 2002 og byrjað að vinna með þá sama haust.

Þar sem einungis 50 % foreldra svöruðu könnuninni takmarkar það túlkunargildi niðurstaðna. Því ber að taka niðurstöðum með fyrirvara en þær geta aðeins gefið vísbendingar um álit foreldra á sterkum og veikum hliðum í starfi skólans. Þannig má leiða getum að því að þessir 50 foreldrar séu áhugasamir foreldrar sem eigi ágætis samskipti við skólann og eiga jafnframt börn þar sem gengur flest í haginn. Þetta litar væntanlega niðurstöður allnokkuð.

Á sama tíma var svörun starfsmanna 78 % sem teljast verður marktæk svörun, þannig að líklegt er að þar sé breidd svara mun meiri en svörun foreldra og því má búast við ákveðnum mun á svörum foreldra og starfsmanna.

Í fylgiskjölum má sjá tölulegar niðurstöður við svörum hverrar spurningar í könnuninum.

#### ***Samskipti við heimilin***

Af svörum má ráða að upplýsingaflæði frá skólanum sé mjög gott. Foreldrar segjast kynna sér bekkjarnámskrár og eru ánægðir með fréttabréfin. Þó er ákveðin tilhneiging í þá átt að skólinn hafi frekar samband heim þegar illa gengur en þegar vel gengur. Starfsmenn skóla eru greinilega flestir meðvitaðir um að þeir hafi ekki nógu oft samband við foreldra þegar vel gengur. Starfsmenn eru sammála því að upplýsingaflæði frá skóla sé mjög gott en nokkuð margir eru ósammála því að foreldrar kynni sér bekkjarnámskrár og fréttabréf á meðan

langstærstur hluti foreldra segjast lesa vel fréttabréfin og kynna sér bekkjarnámskrár. Í því sambandi ætti að athuga framsetningarmáta og tímasetningar upplýsinga þar sem misræmið gæti stafað af því að upplýsingar séu of ítarlegar eða að of langt líði frá heimsendingu að atburðunum sjálfum. Samkvæmt svörum foreldra og starfsmanna er lokaniðurstaðan engu að síður sú að áberandi er hve stór hluti telur upplýsingagjöf frá skóla vera í góðum farvegi og er það vel. Í framhaldi af því þurfum við að halda áfram á sömu braut og kynna þessa vinnu vel.

Það kemur fram að 74 % foreldra telji að skólinn vinni skipulega að því að efla samstarf við heimilin. Þessi könnun er tekin áður en við förum af stað í þetta verkefni þannig að nú þegar eru hafnar úrbætur á þessu. Það þarf því að spyrja þessarar spurningar aftur og sjá hvort foreldrar hafi orðið varir við einhverja breytingu. Þá þurfum við líka að spyrja okkur að því hvort við séum yfirleitt að láta samfélagið okkar vita að við séum að vinna frekar með samstarf við heimilin ?

Almenn ánægja er varðandi foreldrafundi og foreldraviðtöl bæði hjá starfsmönnum skóla og í svörum foreldra. Í mati Kennaraháskóla Íslands frá 1999 er að finna mjög áþekka niðurstöðu. Þá er mjög ánægjulegt að sjá hve stórt hlutfall foreldra upplifir að þeir séu velkomnir í skólann og eins að þeir telji sig alltaf hafa greiðan aðgang að umsjónarkennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans.

### ***Líðan***

Rétt tæp 80 % foreldra telja að barninu sínu líði vel í skólanum. Við athugun eftir aldurstigum kemur fram að þeim sem líður ekki eins vel í skólanum eru hlutfallslega flestir á unglingastigi. Það að þeim sem líður ekki vel fjölgar í unglingadeild er umhugsunarvert og þyrfti að kanna enn betur. Það þarf að kanna álit unglinganna sjálfra og einnig þarf að kanna nánar skoðun foreldra. Athugun á þessu þarf að vera nokkuð víðtæk þar sem vandamál unglunga eiga sér ekki alltaf rót innan skólans þó að þau verði áberandi þar og því ekki endilega skólans að leysa. Eins gæti hugsanlega verið minna komið til móts við námsvanda nemenda á unglingastigi og eins má ímynda sér að þeim líði almennt verr vegna félagslegra og líkamlegra breytinga er fylgja þessum aldri.

### ***Agamál***

65 % starfsmanna og 56 % foreldra telja að skólinn taki af festu á agavandamálum en 32 % starfsmanna og 34 % foreldra telja svo ekki vera. Það er því nokkur stór hluti foreldra og starfsmanna sem telur að agamálin séu ekki í lagi. Það þarf að fá nánari upplýsingar frá báðum aðilum og greina betur því mikilvægt er að greina hvort agavandinn sé einungis innan skólans eða víðtækari. Skólinn má ekki stuðla að því að agamál séu aðeins rædd í því samhengi að þau séu einkamál skólans.

Hingað til höfum við reynt að stuðla að samræmingu innan skólans varðandi reglur og viðurlög. Við höfum líka bent á að við séum ekki öll að fara eftir þessum reglum en það hefur ekki leyst málið hingað til. Við þurfum því að taka agamálin mun fastari tökum og nálgast það á annan og uppbyggilegri hátt.

Agamál eru samfélagsmál og því þarf að reyna að standa að viðtækri samstöðu skóla, leikskóla, foreldra og samfélagsins alls um sameiginlega ábyrgð okkar allra á börnunum okkar.

67 % starfsmanna telja að nemendur skólans sýni kennurum ekki virðingu. Í þessu þarf að vinna.

### ***Stjórnun***

Það er áberandi hve margir foreldrar eða tæp 30 % sem treysta sér ekki til að svara spurningum um innra starf skólans s.s. áhuga stjórnenda og starfsmanna á umbótum í skólastarfi. Það er ljóst að við þurfum að standa betur að því að kynna verkefni, umbótastarf og þróunarverkefni skólans. Til dæmis mætti líka koma á framfæri á heimasíðu skólans hvaða námskeið kennarar hafa verið að sækja og jafnvel útdrætti frá hverju námskeiði. Þannig fengju bæði foreldrar og aðrir í samfélaginu vitneskju um þessa vinnu okkar og gætu líka leitað til okkar.

### ***Heimanám***

Mikill meirihluti foreldra er ósammála því að kröfur skólans um heimanám séu of miklar en aðeins 18 % segja að kröfur skólans um heimanám séu of miklar. Í mati á starfi Dalvíkurskóla sem var framkvæmt af Kennaraháskóla Íslands árið 1999 kemur fram að 75 % foreldra telur að heimavinna nemenda sé hæfileg sem styður fullkomlega þá ályktun að foreldrar séu almennt sáttir við kröfur skólans um heimanám. Rúm 9 % foreldra árið 1999 telja heimanám vera heldur of mikið. Til gamans má geta þess að 44 % nemenda árið 1999 telji heimanám vera hæfilegt, 31 % nokkuð mikið og 22 % allt of mikið.

### ***Staða skólans í samfélaginu***

Það er nokkuð sláandi munur sem kemur fram í álitum foreldra á skólanum sem er um flest mjög jákvætt og svo á því hve mikillar virðingar þeir telji að skólinn njóti í samfélaginu. Annað hvort telja foreldrar sumsé að kynningarstarf skólans nái ekki út fyrir heimili nemenda eða þá að þeir telja aðra foreldra vera neikvæðari en þeir eru sjálfir. Enn og aftur má vísa í þær vangaveltur okkar að þessir foreldrar sem svöruðu könnuninni séu jákvæðu foreldrarnir sem viti þá umræðuna í samfélaginu í heild. Hvort heldur sem er þá þarf að standa vel að kynningu á þessum niðurstöðum fyrir **allt** samfélag skólans, ekki bara til

foreldrana, ekki síður til þeirra sem eldri eru og eiga ekki börn í skólanum.

Sum svör foreldra og starfsmanna eru sambærileg varðandi stöðu skólans í samfélaginu. Þannig telja 36 % foreldra og 38 % starfsmanna að skólinn njóti ekki virðingar samfélagsins. Þá telja 16 % foreldra og 21 % starfsmanna stöðu skólans vera sæmilega. Aftur á móti er mismunur í svörum foreldra og starfsmanna varðandi viðhorfið þar sem 23 % foreldra en 37 % starfsmanna telja að viðhorf foreldra til skólans sé sæmilegt eða óviðunandi. Þessi munur á svörum er athyglisverður og veltur upp þeirri spurningu hvort kennarar dæmi sig og starf skólans of hart? Getur líka verið að þeir séu of uppteknir af neikvæðu skilaboðunum en þeim jákvæðu? Fá þá kennarar of sjaldan hrós eða viðurkenningu frá foreldrum? Að það sé þá svipað á komið með foreldrum og starfsmönnum að láta vita þegar vel gengur?

Varðandi fræðslu til handa foreldrum þá hefur skólinn ekki verið að sinna þeim þætti markvisst eins og fram kemur í niðurstöðum þar sem aðeins 30 % foreldra eru sammála því að skólinn veiti foreldrum fjölþætta fræðslu um nám og uppeldi. Það hefur komið fram á samráðsfundum starfsfólks að haldin verði námskeið að hausti við byrjun skóla í tengslum við haustfundina. Sérstaklega fyrir foreldra nemenda í 1. og 2. bekk og þá aftur annars konar námskeið fyrir bæði foreldra og nemendur við upphaf unglingsdeildar.

Það kemur nokkuð á óvart að það séu tæp 40 % svarenda sem telji að þeir eigi erfitt með sinna samskiptum við skólann sökum vinnu sinnar. Þetta má líta á sem nokkra hindrun á þátttöku foreldra í skólastarfinu samanber undirspurningu matsspurningar okkar. Það þarf því að vinna betur í því að tengja saman atvinnulíf og skóla t.d. með því að koma betur upplýsingum til samfélagsins sem við búum í þ.e. bréf til fyrirtækja varðandi fyrirhugaða foreldrafundi og fleira. Þetta gæti jafnframt verið verðugt verkefni fyrir Foreldrafélag Dalvíkurskóla, þ.e. að standa að upplýsingaflæði milli skóla og atvinnulífs.

Um 70 % foreldra telur að starfsfólk skóla og stjórnendur séu áhugasamir um að bæta skólastarfið. Við þurfum líka að spá í hvernig við sem stofnun birtist samfélaginu. Fær samfélagið að vita þegar við förum á námskeið t.d. í gegnum fréttabréf, heimasíðu, fjölmiðla og fleira. Eiga stigstjórar að taka að sér fréttabréf skólans einu sinni í mánuði sem nemendur í tölvufræði setja upp (A5 brot með örfáum myndum)?

Nokkuð stór hluti starfsmanna eða 42 % er ósammála því að foreldrar sýni samstarfi við skólann áhuga. Foreldrar taka nokkuð undir það þar sem aðeins 52 % svarenda telja að foreldrar sýni samstarfi við skólann, 34 % að foreldrar geri það ekki og 14 % vita ekki svarið. Vonandi hefur samstarfsverkefnið skólaárið 2002 - 2003 þau áhrif að þetta breytist. Ástæða er til að samsvarandi spurning sé lögð fyrir aftur til

að meta hvort núverandi umbótaverkefni í samstarfi skili árangri og eins til að átta sig á því hvort þetta skiptist eftir árgöngum.

Við verðum að vera duglegri við að draga fram góðan árangur nemenda okkar.

### ***Nokkrir aðrir þættir***

Mikil ánægja birtist í svörum foreldra varðandi aðgengi að öllum starfsmönnum skólans hvort heldur sem er aðgengi að umsjónar-kennurum, öðrum kennurum, öðru starfsfólki eða skólastjórnendum eða 96 – 98 %. Þá eru flestir foreldrar eða 83 % sem telja að aðgengi að sérfræðipjónustu sé í lagi, gott eða mjög gott á meðan 17 % segja það sæmilegt eða óviðunandi.

Töluverð ánægja ríkir með foreldrafundina og símaviðtölin. Athygli vekur að 13 % starfsmanna finnst ekki auðvelt að hafa samband við heimilin. Innan skólans hefur í nokkurn tíma verið rætt um námskeið í mannlegum samskiptum og eins í viðtalstækni þar sem ætti að vera hægt að vinna með þennan þátt.

Allir foreldrar sem svöruðu telja það mikilvægt að börn þeirra fari í framhaldsskóla og langflestir starfsmenn eru því sammála. Þó nokkrir starfsmenn eða 15 % telja sig ekki geta svarað fullyrðingu um hvort foreldrar telji framhaldsnám mikilvægt.

Svipaður fjöldi foreldra og starfsmanna er sáttur við námsframboð skólans og eins er jákvætt að sjá hversu stórt hlutfall svarenda telur skólann vera á góðri braut en 82 % foreldra og 97 % starfsmanna telja Dalvíkurskóla vera góðan skóla. Enn verður þó að skoða þessar niðurstöður varðandi svör foreldranna með varúð þar sem svörun þeirra var aðeins 50 %.

Þá er mjög ánægjulegt að sjá að 98 % foreldra finnst þeir vera velkomnir í skólann sem skiptir miklu máli þar sem líklegt er að ánægðir foreldrar komi aftur. Jafnframt styður þetta tilfinningu skólastjórnenda fyrir því að viðhorf til skólans sé á jákvæðri braut.

## **5. Lokaorð**

Við lítum svo á að þessi könnun geti gefið okkur vísbendingar fyrir framhaldið. Eins og áður hefur verið nefnt þá veikir það niðurstöður nokkuð að við fáum aðeins um helming svörun foreldra. Jafnframt getum við okkur til um að þeir sem svöruðu séu áhugasamir foreldrar, sem lesa vel fréttabréf og eiga ágætis samskipti við skólann og eiga jafnframt börn þar sem gengur flest í haginn. Þetta hefur væntanlega nokkur áhrif á

niðurstöður þar sem má spyrja sig hvort raddir þeirra sem eru óánægðir með skólann séu meðal svarenda.

Mjög margt jákvætt kemur fram í þessari könnun og margar vísbendingar um þætti sem vert er að skoða betur. Þar má sérstaklega nefna kynningu á skólanum í samfélaginu, líðan nemenda og agamál.

Of hátt hlutfall bæði foreldra og starfsmanna skólans telja stöðu skólans ekki nægilega góða. Miðað við þessar niðurstöður þarf að vinna í því að bæta ímynd skólans út á við með skipulögðum hætti. Hluti af því er að gera skólastarfið sýnilegra og í því er einmitt verið að vinna um þessar mundir. Það er jákvætt að nefna það að fjöldi viðstaddra við skólaslit undanfarinna ára hefur margfaldast. Þannig voru á skólaslitum vorið 2003 og eins vorið 2002 um 600 manns við skólaslit, flestir á skólaslitum unglíngastígs. Það er túlkun okkar að þegar slíkur fjöldi gesta mætir við skólaslit þá sé viðhorf til skólans í jákvæðara lagi.

Þó svo að víða komi fram nokkur munur á svörum foreldra og starfsmanna um ákveðna þætti í skólastarfinu þá er líklegt að sá munur helgist af því hvaða foreldrar svöruðu spurningalistanum nú. Við teljum líklegt að áhugasamir og virkir foreldrar hafi skilað inn listanum og því ekki óeðlilegt að verði munur á svörum frá foreldrum annars vegar og svörum starfsmanna hins vegar þar sem starfsmenn eru að svara út frá heildarhópi foreldra. Þannig kann að vera eðlilegt að 100 % foreldra sem svöruðu telji að þeir kynni sér vel fréttabréf sem komi heim á meðan aðeins 60 % starfsmanna eru sama sinnis. Þá er áberandi mikill munur á svörum varðandi eftirfylgni með námi. 98 % foreldra segjast fylgjast vel með námi barna sinna en aðeins 59 % starfsmanna telja að svo sé. Þessi munur er auðvitað ansi mikill og má velta vöngum um hvort kennarar og foreldrar leggi mismunandi merkingu í þetta orðalag á sama tíma og má ætla að kennarar hefðu nokkuð góða yfirsýn yfir þennan þátt en að sama skapi má ekki kasta rýrð á svör foreldra.

Þá er nokkur munur á t.d. vilja foreldra til þátttöku í ákvörðunum varðandi nám barna sinna annars vegar og svörum starfsmanna hins vegar. Þannig vilja 96 % foreldra vera þátttakendur í ákvörðunum í námi barna sinna en aðeins 58 % starfsmanna sem vilja gefa foreldrum kost á því. Þessi munur gæti stafað af mismunandi túlkun foreldra og starfsmanna á því við hvaða ákvarðanir er átt. Þannig gætu starfsmenn litið of þröngt á spurninguna og jafnvel verið að vísa til námsefnis á meðan foreldrar væru að hugsa hlutina í víðari samhengi.

Upphafleg matsspurning þessa sjálfsmats var eftirfarandi : **Hvað einkennir samskipti heimilis og skóla og á hvern hátt má styrkja jákvæð eða virk tengsl til að bæta námsumhverfi nemenda ?** Þegar hún er sett í samhengi við þessar niðurstöður má segja að í heildina séu vísbendingar um að það séu margir jákvæðir þættir sem einkenni samskipti heimilis og skóla s.s. ánægja með samskiptin, fjölskyldudaga

s.s. Vorhátíð og jólaföndurdag, foreldraviðtölin, upplýsingastreymið, aðgengi að starfsfólki skólans auk jákvæðra vísbendinga um fleiri þætti. Kennarar telja að bæta þurfi gagnvirk samskipti heimila og skóla og eins að auka þurfi þátttöku og ábyrgð heimilanna á námi barna sinna. Í ljósi þessara niðurstaðna hefur upphaflegri matspurningu verið svarað nokkuð vel en jafnframt teljum við mikilvægt að leggja fyrir könnun aftur haustið 2003 á foreldraviðtalsdegi til að tryggja betri þátttöku og svörun þannig að hægt sé að alhæfa betur.

### *Aframhaldið – næstu skref - úrbætur*

Hluti af umbótastarfi skólans hefst frá og með næsta hausti þegar fer af stað vinna innan skólans þar sem allir starfsmenn taka þátt í mótun vinnuferlis í eineltismálum. Í kjölfar þeirrar vinnu má gera ráð fyrir að starfsfólk verði enn meðvitaðra um líðan og hegðan nemenda. Jafnframt er Dalvíkurskóli þátttakandi í þróunarvinnu ásamt fleiri skólum á Út-Eyjafjarðarsvæðinu til næstu þriggja ára þar sem unnið er með samstarf heima, skóla og samfélags. Í fylgiskjölum má finna niðurstöðu aðgerðahóps þróunarverkefnisins um val á forgangsverkefnum ásamt markmiðslýsingum og tillögum að framkvæmd.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar kemur skýrt fram að foreldrar telji að kennarar séu ekki duglegir að hafa samband heim þegar vel gengur. Það er líklegt að samskiptaverkefni í 2., 5. og 8. bekk í vetur skili foreldrum betri upplýsingum um þennan þátt þar sem hálfsmánaðarlega fer heim á hvert heimili gagnvirk samskiptablað þar sem fram koma upplýsingar um hegðun barnsins, vinnusemi, samskipti þess við bekkjarfélagi ásamt öðru ( sjá fylgiskjöl ). Það má velta því fyrir sér hvort þetta form ætti að vera í öllum bekkjum skólans eða eins og í vetur í ákveðnum árgöngum þ.e. eftir fyrsta árið og við upphaf miðstigs og unglíngastigs. Ákvörðun þess efnis verður tekin á haustdögum 2003.

Það er mikilvægt að við leitum ráða til að unglíngunum líði betur í skólanum. Upp hafa komið vangaveltur um aukna ráðgjöf við skólann s.s. í formi námsráðgjafa sem gæti nýst bæði nemendum, foreldrum og starfsfólki. Í raun þarf að setja fram umbótaáætlun varðandi líðan unglínganna okkar.

Síðla vetrar 2003 fóru Áslaug og Gísli á kynningu í Háskólanum á Akureyri hjá höfundum Glerverks sem eru spurningalistar til innra mats skóla á tölvutæku formi. Glerverk hefur þann kost að niðurstöður liggja fyrir um leið og skráningu lýkur þar sem gagnaöflun fer fram rafrænt. Þá má skoða og kynna niðurstöður á einfaldan og myndrænan hátt. Glerverk býður jafnframt upp á að breyta spurningum og formi þeirra og eins er hægt að flytja allar upplýsingar og niðurstöður í önnur forrit. Í framhaldi

af því var ákveðið að kaupa forritið Glerverk til Dalvíkurskóla þar sem það myndi nýtast skólanum við innra mat.

Stefnt skal að því að nýta Glerverk strax á starfsmannadögum vorið 2003 og leggja könnun fyrir alla starfsmenn skólans og að þær niðurstöður verði notaðar til að móta spurningar sem verði lagðar fyrir foreldra í tengslum við foreldraviðtöl á haustdögum sama árs. Ákveðið var að fá Hauk Snorrason, kennara og tölvuráðgjafa skólans, til samstarfs við þennan þátt vinnunnar.

Við teljum mikilvægt að starfsmannahópurinn fái að vinna með þessar niðurstöður til að hægt sé að endurskoða markmið skólans um samskipti heimila og skóla og stuðla að frekari umbótum á þeim. Þannig væri stuðlað að faglegum grundvelli fyrir umbætur.

# **Fylgiskjöl**

## Matsáætlun fyrir innra mat í grunnskóla

	Áætlun	Tími
<p><b>Tilgangur og markmið?</b> Til hvers er matið, hver á frumkvæðið og hver kemur til með að nota það?</p> <p>Hvað á að meta? Gerð grein fyrir hvað á að meta. Sett er fram <b>mats-spurning</b> og dregin fram tengsl matsins við skólánámskrá.</p>	<p>Tilgangur er að bæta samstarf milli heimilis og skóla. Frumkvæði að sjálfsmatinu kemur frá skólastjórn eftir umræður í kennarahópnum. Markmiðið er að matið geti nýst til umbóta í samskiptum heimila og skóla.</p> <p>Til að efla samskipti heimilis og skóla var ákveðið að leita svara við eftirfarandi spurningum: Hvað einkennir samskipti heimilis og skóla og á hvern hátt má styrkja jákvæð eða virk tengsl til að bæta námsumhverfi nemenda?</p> <p>Í matinu verður áhersla lögð á að leiða fram svör við eftirfarandi undirspurningum:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>Hvert er aðgengi foreldra að kennurum barna sinna?</li> <li>Hvernig er viðmiðunum aðalnámskrár um samskipti heimila og skóla náð?</li> <li>Hvaða hindranir eru á þátttöku foreldra í skólastarfinu og virkum samskiptum foreldra og kennara?</li> <li>Hafa foreldraviðtöl tilgang í að stuðla að þátttöku foreldra í námi barna sinna?</li> <li>Hvernig hefur áformum skólánámskrár um samskipti heimilis og skóla verið framfylgt?</li> </ol>	
<p>Hverjir koma að matinu? <b>Ger þa skal grein fyrir stjórnun matsins, þátttöku kennara og annarra starfsmanna skólans, foreldra og nemenda.</b></p>	<p>Fimm manna matsnefnd mun hafa með hendi yfirstjórn matsins. Í matsnefnd eiga sæti:</p> <p>Anna Baldvina Jóhannesdóttir, skólastjóri Gísli Bjarnason, aðstoðarskólastjóri HörnHarðardóttir, kennari Áslaug V. Þórhallsdóttir, leiðbeinandi Snjólaug Rósmundsdóttir, stuðningsfulltrúi</p> <p>Nefndin hefur frumkvæði að gerð matsáætlunar, annast kynningu hennar til allra viðkomandi aðila og fylgir eftir framkvæmd. Hún skiptir verkum á milli kennara, stjórnar skýrsluskrifum og annast kynningu á lokaniðurstöðum. Matsnefnd mun annast gerð spurningalista sem lagðir verða fyrir foreldra og starfsmenn skólans. Ráðgjafi við matsnefnd verður Trausti Þorsteinsson skólaþróunarsviði kennaradeildar HA.</p> <p>Gert er ráð fyrir að kennarar verði virkir þátttakendur í matinu. Allar áætlanir verða lagðar fyrir þá og þeim ætlað að fylgjast með hverju skrefi í matsferlinu og gefa ráð og leiðbeiningar. Gert er ráð fyrir að deila úrvinnslu á milli þeirra greiningu gagna osfr. Þá er gert ráð fyrir kennarahópum verði fengið það viðfangsefni að túlka niðurstöður með hliðsjón af matsspurningum.</p>	
<p>Að ferðir - gagnaöflun? Gerð grein fyrir þeim matsþækjum og matsaðferðum sem notuð verða og hvernig tryggja á að gögnin sem byggt er á séu sem áreiðanlegust. Greint er frá fyrirliggjandi gögnum og hvaða nýrra gagna þarf að afla.</p>	<p>Matskönnun á rafrænu formi lagðar fyrir starfsmenn og foreldra. Foreldrar viðkomandi bekkja boðaðir á fund þar sem þeir munu svara spurningum á rafrænu formi í tölvustofu. Starfsmenn svara matsspurningum á fundartímum.</p>	

Úrvinnsla:

**Áætlun um hvernig skólinn hyggst vinna úr niðurstöðum, t.d. ræða aðferð við úrvinnslu tölfraðilegra gagna eða greiningu á viðtölum.**

Niðurstöður – túlkun:

Hvernig unnið verður að túlkun upplýsinga.

Árangur:

Hér metur skólinn hvernig markmiðum skólanámskrár hefur verið mætt.

Umbætur:

Gerð er áætlun um umbætur í skólastarfi á grundvelli matsins.

Matskýrsla:

**Gerð áætlun um ritun skýrslu, innihaldslýsing og hvernig hún verður kynnt.**

Kostnaður:

Áætlað fyrir þeim kostnaði sem hugsanlega kann að falla á skólann vegna sjálfsmatsins og gerð grein fyrir hvaða tími af skilgreindum vinnutíma kennara verður nýttur.

Kynning:

**Hvar og hvernig verður matsáætlunin kynnt?  
Þarf að afla einhverra leyfa og hvar?**

**Starfsmannafundur í mars 2001**  
**Hugflæði starfsmanna varðandi fyrirhugaða könnun og vinnu**  
**varðandi samstarf heimila og skóla**

Óskasamstarf

- ✓ Opið og jákvætt viðhorf á báða bóga
- ✓ Fá foreldra í heimsókn þó allt sé í lagi – viðtal í framhaldi af heimsókn
- ✓ Traust og skilningur á báða bóga
- ✓ Viljum sjá foreldra eiga frumkvæði að samskiptum
- ✓ Virkara foreldrafélaga
- ✓ Meira samræmi á milli reglna heimila og skóla
- ✓ Jákvætt samstarf um aga og umgengni
- ✓ Meiri sýnilegan áhugi heimila á skólastarfinu
- ✓ Fá foreldra meira inni í agamál og lausnir á þeim
- ✓ Námskeið fyrir foreldra um skólastarf
- ✓ Samstarf milli foreldrafélags um stefnumótun samstarfs
- ✓ Samræmdar aðgerðir milli heimilis og skóla
- ✓ Virkari þáttaka foreldra í námi og starfi
- ✓ Bæta samstarf við nýbúa
- ✓ Gagnkvæmt samband á jafnréttisgrundvelli
- ✓ Stuðningur á báða bóga
- ✓ Eftirfylgni og viðbrögð
- ✓ Mikið og gagnkvæmt upplýsingaflæði milli heimila og skóla með viljann til að gera betur og horfa ekki til fortíðar
- ✓ Með reglulegum viðtölum
- ✓ Virkt upplýsingaflæði
- ✓ Meiri ábyrgð heimilanna
- ✓ Gera viðhorfskannanir
- ✓ Persónulegt samstarf foreldra og umsjónarkennara

Mat

- ✓ Spurningalistar til foreldra og starfsfólks
- ✓ Hægt er að meta gott og slæmtforeldrasamstarf með skráningu á samskiptum foreldra og kennara ( skóla ) Hægt væri að hafa sérkladda ( stundvísi ) fyrir þetta og þá skráð inn bekkjarkvöld, bíóferðir, heimsóknir og fleira
- ✓ Viðhorf nemenda og foreldra
- ✓ Gera/útvega matslista og skrá
- ✓ Mælingar á fjölda neikvæðra og jákvæðra samskipta frá heimilum

- ✓ Gera matshóp
- ✓ Setja viðmið
- ✓ Vinna úr niðurstöðum spurningalistanna

### **Matsspurningar**

- ✓ Ert þú sátt/ur við samstarf heimilis og skóla
- ✓ Ert þú sátt/ur við námsframboð barna þinna
- ✓ Telur þú þig hafa nægar upplýsingar um líðan barns þíns í skólanum-
- ✓ Færð þú nægar upplýsingar um starf og gengi/nám barnsins þíns – viltu meira /viltu minna
- ✓ Hvað af eftirtöldu eruð þið ánægð/óánægð með í samstarfi ykkar við skólann :
  - foreldraviðtöl,
  - aðgengi að kennurum,
  - aðgengi að skólastjórnendum,
  - aðgengi að sérfræðipjónustu,
  - fréttabréf,
  - aðgangur að öðru starfsfólki,
  - upplýsingar um ástundun nemanda,
  - annað...
- ✓ hvers ætlast þú til af skólanum með tilliti til samstarfs heimilis og skóla
- ✓ hvað geta heimilin gert til að bæta samstarf heimilis og skóla
- ✓ finnst þér þú hafa nógu oft samband við skólann
- ✓ finnst þér skólinn hafa nógu oft samband heim
- ✓ getur þú náð á umsjónarkennara barnsins þíns eftir þörfum
- ✓ hvernig finnst þér samstarf heimilis og skóla vera ( setja á raðkvarða )
- ✓ telur þú þig leggja nóg af mörkum til að stuðla að góðu samstarfi við skólann
- ✓ hvað gerir þú til að stuðla að auknu samstarfi við skólann
- ✓ kemur skólinn til móts við þarfir barnsins þíns :
  - já,
  - nei
  - alltaf
  - oft
  - stundum
  - sjaldan
  - aldrei

- ✓ hvað telur þú að betur mætti fara í skólastarfinu
- ✓ er skólinn að fullnægja kröfum þínum
- ✓ finnst þér skólinn vera að standa sig í agámálum
- ✓ hvert er viðhorf þitt til skólastarfsins almennt
- ✓ hvað telur þú að geti bætt árangur barnsins þíns í skólanum
- ✓ ertu ánægður með árangur barnsins þíns
- ✓ ertu ánægður með störf kennara barnsins þíns

## **Samstarf heimilis og skóla.**

### **Hvað er gott ?**

- Samskiptabók.
- Heimsóknir foreldra.
- Bekkjarkvöld.
- Foreldrahópar í kringum bekkjarskemmtanir.
- Foreldrar duglegir að mæta á auglýstar samkomur.
- Viðvera kennara
- Dreifing ábyrgðar á foreldrasamstarfi í bekknum
- Skrif kennara í dagbækur nemenda
- Ört upplýsingaflæði frá skóla til heimilis
- Aukin tíðni útskriftar úr stundvísi
- Tvö foreldraviðtöl
- Foreldraviðtöl jákvæð
- Kvittun fyrir móttöku bréfa.
- Fréttabréf
- Dagbækur nógar upplýsingar.
- Jákvæðar hringingar heim
- Vorhátíð
- Árshátíð
- Útivistardagur
- Föndurdagur
- Samstarf um fjáröfun 10. bekkjar
- Sterk virk stjórn foreldrafélags , foreldrarölt
- Áhugasamir foreldrar
- Trúnaður og traust

### **Hvað mætti betur fara ?**

- Foreldrar sýni meiri áhuga og jákvæðni gagnvart skóla !
